

W gegn Finnlandi

Dómur frá 24. apríl 2007

Mál nr. 14151/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til að spyrja vitni. Kynferðisbrot.

1. Málsatvik

Kærandi, W, er finnskur ríkisborgari. Sumarið 2000 leitaði móðir tveggja barna til lögreglu vegna gruns um að kærandi hefði misnotað börnin kynferðislega. Kærandi lá einnig undir grun um að hafa misnotað tvö önnur börn. Teknar voru skýrslur af öllum þessum börnum hjá lögreglu og samtölin tekin upp á myndband. Hvorki kærandi né lögmaður hans voru viðstaddir skýrslutökurnar. Áður en að réttarhöldum í málinu kom fór kærandi fram á að tekin væri ný skýrsla af systkinunum þar sem lagðar væru fyrir þau ákveðnar spurningar. Þeirri beiðni var hafnað þar sem móðir systkinanna hefði neitað að heimila frekari skýrslutökur. Við munnlega meðferð málsins fyrir héraði báru börnin ekki vitni, en myndbönd af skýrslutökunni voru sýnd. Þá bar sálfræðingur vitni um trúverðugleika barnanna. Þá voru lögð fyrir réttinn skrifleg álit sérfræðinga þess efnis að systkinin væru trúverðug í framburði sínum. Einnig báru foreldrar barnanna vitni. Ekki var farið fram á það af hálfu kæranda að börnin bæru vitni enda hefð fyrir því að slík vitnaleiðsla færi ekki fram. Í dómi sínum tók héraðsdómur fram að kærandi hefði kvartað yfir því að annmarkar væru á helstu sönnunargögnunum í málinu þar sem hann hefði ekki fengið færi á að leggja spurningar fyrir börnin. Það var þó niðurstaða dómsins að það hefði ekki breytt neinu um niðurstöðuna og var kærandi dæmdur til fangavistar í tvö ár og þrjá mánuði. Við áfrýjun var refsingin milduð í tuttugu mánaða fangavist. Kærandi sótti um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar, og hélt því m.a. fram að brotið hefði verið gegn rétti hans samkvæmt 3. mgr. 6. gr. sáttmálans. Beiðni hans var hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að réttur hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi hefði verið brotinn með því að honum hefði ekki gefist færi á að spyrja þau börn sem gáfu skýrslu fyrir lögreglu og dómstóll byggði ákvörðun um sakfellingu hans á. Þá taldi hann að leiðandi spurningar hefðu verið lagðar fyrir tvö barnanna hjá lögreglu. Máli sínu til stuðnings vísaði hann til 1. mgr. 6. gr. og d-liðar 3. mgr. 6. gr.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að kæranda hefði aldrei gefist færi á að leggja spurningar fyrir börnin og að beiðni hans þess efnis hefði verið hafnað. Dómstóllinn féllst á það, í ljósi réttarframkvæmdar í Finnlandi, að hefði beiðni komið frá kæranda um að börnin væru leidd fyrir réttinn, hefði slíkri beiðni verið hafnað. Þá tók dómstóllinn fram að myndbandsupptökurnar af viðtölum við börnin væru nær einu gögnin sem sakfelling kæranda byggðist á. Vitnisburður foreldranna hefði ekki að neinu leyti varðað atburðina sjálfa heldur aðeins þær breytingar sem þeir höfðu skynjað á hegðun barna sinna í kjölfarið. Þá fjallaði sálfræðingur sem bar vitni í málinu ekki um atburðina sem slíka heldur einungis trúverðugleika barnanna. Þar sem kærandi og verjandi hans höfðu aldrei fengið tækifæri til að leggja spurningar fyrir börnin var það álit dómstólsins að hann hefði ekki hlotið réttláta málsmeðferð fyrir dómi.

Það var því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. og 3. mgr. 6. gr. Kæranda voru, með vísan til 41. gr., dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 8.062 evrur í málskostnað. Einn dómari skilaði séráliti.